

## Tilgangur

Skattastefnan lýsir markmiðum Sjóvár í skattamálum og tryggir að Sjóvá standi við skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum.

## Umfang

Stefnan nær til allrar starfsemi samstæðunnar, stjórna, starfsfólks og annarra sem starfa í þágu hennar.

## Stefna

Markmiðið með stefnunni er að lýsa hvernig staðið er við allar skyldur samstæðunnar varðandi skattamál. Skattastefnan tekur á öllum þeim sköttum sem samstæðan ber að greiða svo sem tekjuskatt, fjármagnstekjuskatt, sérstakan fjársýsluskatt, staðgreiðslu, tryggingagjald, fjársýsluskatt, virðisaukaskatt o.fl.

Stjórn er upplýst reglulega um framgagn eftirfylgni með skattastefnu.

Meginmarkmið skattastefnu Sjóvár er eftirfarandi:

- 1) Að tryggja að skattaáhættu sé stýrt
- 2) Að tryggja að farið sé eftir lögum og reglum varðandi skatta
- 3) Að forðast skaða á orðspori samstæðunnar
- 4) Að tryggja samstarf við skattayfirvöld
- 5) Að veita gangsæi í skattamálum

*Að tryggja að skattaáhættu sé stýrt*

Fyrsta markmið stefnunnar er að tryggja að skattaáhættu sé stýrt þannig að hún sé lágörkuð. Skattaáhætta er skilgreind sem hvers kyns áhætta með tilliti til skatta (bein eða óbeint) sem getur haft í för með sér kostnað sem er ófyrirséður.

Skattaáhætta getur m.a. aukist vegna:

- þess að helstu lögum um skatta er ekki fylgt.
- skattalagabreytinga sem hafa farið fram hjá stjórnendum.
- athugasemda/ábendinga frá skattayfirvöldum svo sem vegna innsendra skattframtala o.fl.
- breytinga á starfsemi samstæðunnar sem hafa ófyrirséðar skattaafleiðingar í för með sér.

Stjórnendur Sjóvá hafa það að markmiði að lágmarka þessa áhættu og vinna að því að draga úr henni með markvissum hætti. Skattaáhætta er metin af fjármálasviði, áhættustýringu, tryggingastærðfræðingi og regluverði samstæðunnar. Stuðlað er að því að þekking starfsmanna á skattamálum sé fullnægjandi, auk þess er tryggður aðgangur að ytri ráðgjöfum þegar álitamál koma upp varðandi skattamál vegna skattframtala, útreikninga á tekjuskatti, virðisaukaskatti o.fl.

*Að tryggja að farið sé eftir lögum og reglum varðandi skatta*

Stjórnendur Sjóvá leggja sig fram um tryggja að farið sé að lögum og reglum varðandi skattalegar kröfur. Félagið hefur samband við ytri ráðgjafa svo sem skattalögfræðinga, endurskoðendur o.fl. vegna álitamála sem kunna að koma upp.

Öll innbyrðis viðskipti innan samstæðunnar fara fram á armslengdar sjónarmiðum sbr. 57. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Stjórnendur Sjóvá leggja áherslu á að öllum sköttum, skattframtölum o.þ.h. sé skilað innan setts tíma. Komi upp atvik þar sem ekki hefur verið farið eftir helstu lögum og reglum, mun Sjóvá leitast til að við að laga það sem fyrst.

#### *Að forðast skaða á orðspori samstæðunnar*

Stjórnendur Sjóvá eru meðvitaðir um orðsporsáhættu vegna skattamála. Þess vegna er mikilvægt að stefna Sjóvá standi vörð um orðspor, vörumerkis og samfélagslegrar ábyrgðar þegar litið er til skattamála.

#### *Að tryggja samstarf við skattayfirvöld*

Að jafnaði ættu stjórnendur Sjóvá að leitast við að forðast allar deilur við skattayfirvöld. Stjórnendur þurfa að tryggja að öll samskipti við skattayfirvöld fari fram faglega og tímanlega.

Ef upp koma atvik þar sem skattayfirvöld hafi samband við Sjóvá vegna skattalegra álitafna þá munu starfsmenn Sjóvá sýna yfirvöldum virðingu, gagnsæi og traust.

Ef upp koma villur í skattframtölum eða í samskiptum við skattayfirvöld mun Sjóvá upplýsa það og leiðrétta eins fljótt og auðið er.

#### *Að veita gagnsæi í skattamálum*

Stjórnendur Sjóvá leggja upp með að skattamál samstæðunnar séu gagnsæ gagnvart haghöfum.

Í ársreikningum samstæðunnar er gerð grein fyrir því hver skattastefna félagsins er, hvernig tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar er samansett auk þess hvað félagið greiðir í skatta.

#### *Eftirlit stjórnar*

Stjórn Sjóvá fer með ábyrgð á skattastefnu félagsins. Árlega fer stjórn Sjóvá yfir fylgni við stefnu þessa.

**Þessi stefna er samþykkt af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. 18.1.2024 og stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. 18.1.2024**